

Skólaráðsfundur 7. júní 2018

Mættir: Bryndís, Alla, Þorgeir, Þóra, Inda, Elísa og Sigurlaug fulltrúar foreldrafélags

1. Næsta skólaár

Rætt um skipulag næsta skólaárs, skiptingu í teymi og ýmislegt fleira. Umræða skapaðist um mötuneytið og þá staðreynd að margt starfsfólk væri að hætta og færri og færri væru skráðir í mat. Staða matráðs hefur verið færð yfir í Naustaskóla frá Naustatjörn og vonir standa til að það einfaldi skipulag og utanumhald með mötuneytinu.

2. Rætt um foreldrastarf í skólanum

Fulltrúar foreldrafélagsins voru sammála um að erfiðlega gangi að manna ýmsa viðburði og annað tengt skólanum þar sem óskað er eftir aðkomu foreldra. Rætt um mikilvægi þess að skapa bekkjaranda og hvetja til tengsla milli foreldra til þess að auðvelda samskipti þegar upp koma mál sem þarf að vinna með. Rætt um mögulegar leiðir til að efla starfið, t.d. að hver og einn árgangur sé með ákveðinn viðburð á hverju ári og að hausti sé tilnefndir fulltrúar foreldra til að halda utan um þann viðburð. Ákveðið að ræða þetta aftur á hausti og stefna að því að bæta þetta í næsta skólaári.

3. Virðing fyrir skólastarfi

Bryndís opnaði á umræðu um mikilvægi þess að efla virðingu alls skólasamfélagsins fyrir skólastarfinu. Gerist oftast og oftast að foreldrar fari, jafnvel með litlum sem engum fyrirvara, í langar utanlandsferðir eða taki vinnu og/eða æfingar barna fram yfir skólastarfið. Fundarmenn sammála um að þetta sé viðhorf sem við þurfum að leita leiða til að snúa við og efla virðingu fyrir starfi skólans, jafnt hjá nemendum sem foreldrum og forráðamönnum. Góðar umræður um þessi mál og ákveðið að taka upp þráðinn aftur í haust og ræða t.d. við skólasetingu og í fréttabréfum.